

**Ed.**

**333. Nefndarálit**

[196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur tillögunum um matarskatt. Í samræmi við það eru fluttar breytingartillögur við frumvarp um söluskatt.

Minni hl. telur að matarskattur komi verst við láglaunafólk eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Meiri hl. telur að þrennt vinnist við matarskattinn:

1. Skilvirkni.
  2. Réttlæti.
  3. Einföldun.
1. Engin ástæða er til að ætla að tryggt sé að söluskattur skili sér betur af þúsundum smáfyrirtækja sem einkum selja þjónustu þó að söluskattur verði lagður á matvæli. Skatturinn á matvæli — 5750 millj. kr. — er að því leyti „skilvirkur“ að fólk neyðist til að borða mat til þess að geta lifað — einnig fátækt fólk.
  2. Skatturinn er bersýnilega ranglátur því að hann leggst þyngst á láglaunafólk. Þannig fer skatturinn hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin eru lægri. Það getur a.m.k. ekki talist jafnaðarstefna.
  3. Það getur verið skynsamlegt markmið að einfalda skattakerfið. En þá átti ekki að byrja á því að leggja á matarskatt. Fremur hefði átt að byrja á því að tryggja betur að fyrirtæki og þeir tekjumeiri í þjóðfélaginu greiddu réttlátan skatt af tekjum sínum.
- Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og tók þátt í meðferð málsins og er samþykkt nefndaráliti þessu.

Alþingi, 16. des. 1987.

Júlíus Sólnes,  
frsm.

Svavar Gestsson.